

# Þarfagreining fyrir skjala- og safnmunageymslu Ísafjarðarbæjar

Ísafirði 7. október 2020

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, forstöðumaður Skjala- og ljósmyndasafns Ísafjarðar  
Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

## 1 Inngangur

Sumarið 2015 var samið við eigendur Sundstrætis 36 (Norðurtanginn) um húsnæði undir skjalageymslu fyrir Skjalasafnið Ísafirði, safnmunageymslu fyrir Byggðasafn Vestfjarða og listaverkageymslu fyrir Listasafn Ísafjarðar. Upphaflega var gert ráð fyrir að leigja tvær hæðir sem hvor um sig var 408 m<sup>2</sup> eða samtals 816 m<sup>2</sup>. Mál þróuðust þó þannig að á endanum var einungis samið um leigu á neðri hæðin undir áður nefnda starfsemi. Leigusamningurinn var til 10 ára en strax í upphafi kom upp ágreiningur á milli leigutaka og leigusala sem endaði fyrir dómstólum og húsnæðið var aldrei nýtt undir geymslur.

Í fyrstu drögum var gert ráð fyrir að skjalageymslan yrði á efri hæðinni (408 m<sup>2</sup>) og munageymslan á neðri hæðinni (408 m<sup>2</sup>) en safnkostur Listasafnsins skyldi varðveittur í annarri hvorri geymslunni. Niðurstaðan varð hins vegar sú að aðeins var gerður leigusamningur um neðri hæðina sem skyldi þá rúma báðar geymslurnar, hvor um sig u.þ.b. 200 m<sup>2</sup> ásamt sameiginlegri aðstöðu fyrir starfmenn, þ.e. anddyri, eldhúskrók og salerni.

Upphaflega rýmið (816 m<sup>2</sup>) sem söfnin áttu að hafa til afnota hefði að öllum líkindum dugað ágætlega til næstu 10 ára, eins og til stóð, en ljóst að með helmingi minna rými var vandinn aðeins leystur til skamms tíma. Ástæðan fyrst og fremst sú að mikill uppsafnaður geymsluvandi er hjá öllum þremur söfnunum. Geymslur Byggðasafnsins eru löngu sprungnar og munir safnsins í húsnæði út um allan bæ. Safnkostur Listasafns Ísafjarðar er lengi búinn að vera á hrakhólum og hluti hans varðveittur við afar slæm skilyrði. Allar afhendingar til skjalasafnsins undanfarin 10-12 ár eru geymdar á brettum í tímabundinni geymslu á hafnarsvæðinu auk þess sem safnið hefur ekki treyst sér til að taka á móti stórum afhendingum, m.a. frá Ísafjarðarbæ, sökum plássleysis. Þá þarf Skjalasafnið að hefja undirbúning á móttöku rafrænna gagnasafna afhendingarskyldra aðila en engin aðstaða er fyrir hendi á safninu til að geta tekist á við það stóra verkefni.



Flutt inn og út úr Norðurtanganum 2017.

## 2 Kröfur um gerð húsnæðis

Safngeymsla er húsnæði sem notað er til að geyma safnkost. Öll viðurkennd söfn starfa samkvæmt íslenskum lögum og siðareglum ICOM (Alþjóðaráðs safna) og er þar fjallað um hvernig standa beri að varðveislu safnkosts og leiðbeiningar og viðmið eiga að tryggja fagleg vinnubrögð með langtímarvarðveislu safnkosts að leiðarljósi. Safngeymsla stuðlar að varðveislu og verndun safnkosts með viðeigandi húsnæði, umhverfi, hirslum, umbúðum og meðhöndlun og er einn af mikilvægustu þáttum fyrirbyggjandi forvörslu.

Æskilegt er að húsnæðið sem valið er sé nógu stórt til að geyma núverandi safnkost og áætlaðan vöxt safnanna a.m.k. næstu 25 árin. Forðast á að leigja húsnæði ef ekki er kostur á langtímaleigu þar sem flutningur heils safns er mjög kostnaðarsamt, vandasamt og tímafrekt verkefni.

Vel hönnuð og skipulögð geymsla stuðlar að æskilegri varðveislu safnkostsins, bætir aðgengi að honum og eykur notkunina. Hættan á því að gripir/skjöl týnist, skemmist eða eyðileggist minnkar ef lögð er áhersla á eftirfarandi þætti:

- viðeigandi umhverfi, án meindýra og án loftmengunar
- viðeigandi hirslur og umbúðir
- virkar öryggis- og eldvarnir
- rétt hugarfar
- góða meðhöndlun
- skipulögð vinnubrögð, áætlanir og eftirlit

DÆMI	AÐSTÆÐUR	SKILYRÐI	VINNULAG
Gott húsnæði t.d.	<ul style="list-style-type: none"><li>• góð einangrun</li><li>• mörg rými með sérstilltu umhverfi</li><li>• loftræsikerfi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• allir litlir gripir/skjöl í skápum og skúffum</li><li>• yfirbreiðslur á öllum stórum gripum</li></ul>	minni þörf fyrir sérpökkun
Ófullkomið húsnæði t.d.	<ul style="list-style-type: none"><li>• ekki nógu góð einangrun</li><li>• ekkert loftræsikerfi</li><li>• eitt stórt rými</li></ul>	hillukerfi án skápa eða skúffa	áhersla á sérpökkun í kassa

Hér verður aðeins getið helstu atriða sem þarf að hafa í huga varðandi safngeymslur en að öðru leyti vísað í *Handbók um varðveislu safnkosts. Fyrri bindi.* (2019), gefið út af Þjóðminjasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn:

<https://www.thjodminjasafn.is/media/fraedsla/Handbok-varðveislu-safnkosts-bindi1-2019.pdf>

Fyrst af öllu þarf að gæta þess að byggingin sé á öruggum stað þar sem ekki er hætt á náttúruvá, s.s. sjóflóðum, vatnsflóðum, skriðuföllum, snjóflóðum eða öðrum náttúruhamförum. Ekki er talið að eldgos eða jarðskjálftar séu áhættuþáttur á norðanverðum Vestfjörðum.

Byggingin þarf að vera á stað þar sem ekki er hætt á loftmengun eða annarri mengun. Mengun, gaskennd (loftmengun) og í föstu formi, stuðlar að tæringu málma, litabreytingum og yfirborðseyðingu ýmissa efna.



Byggingin þarf að vera með einangrun og forðast skal að nota útveggi þar sem rakabreytingar eru algengar (mælt er með einangrunargangi í kringum geymsluna: útveggur-gangur-innveggur-geymsla). Það þarf að vera gott loftflæði, hátt til lofts. Geymslur eiga að vera gluggalausar þar sem ljós veldur niðurbroti efna og litabreytingum, t.d. upplitun, dökkun og gulnun. Gæta þarf að því að vatnslagnir séu ekki í lofti til að lágmarka hættu á vatnstjóni.

*Úr geymslu Skjalasafnsins á Ísafjarðarhöfn.*

Safnkostur er best varðveittur ef svipað efni er geymt saman og því er æskilegt að hólfa rými eftir því. Í skjalageymslu þarf að vera hægt að halda jöfnu hita- og rakastigi. Æskilegt hitastig er 15-18°C og rakastig lofts um 50 +/- 5 stig. Í munageymslum þarf að gera ráð fyrir blönduðum safnkosti: Þurr rými fyrir viðkvæma málma sem eru t.d. byrjaðir að tærast (10 % <rakastig< 15 % misjafnt eftir tegund og ástandi málma). Annað rými fyrir lífrænt efni þar sem rakastigið er hærra (45 % <rakastig< 55%) og köld geymsla fyrir t.d. negatífur, undir 18°C og 30% <rakastig< 40%.

Í staðli ISO-11799 fyrir skjalasöfn er tekið fram að stórum rýmum eigi að skipta upp í brunahólf.

Safngeymslurnar skulu vera öruggar fyrir innbrotum og tæknilegum slysum, þ.e. að ekki kvikni í út frá rafmagni eða að hættu sé á vatnsskemmdum. Þær skulu hafa brunaviðvörðunarkerfi tengt stjórnstöð



*Úr geymslu Bygðasafnsins í Neðstakaupstað.*



ásamt hita-, vatns- og reykskynjurum og innbrotaviðvörðunarkerfi. Gera skal ráð fyrir fjarskiptalögnum fyrir tölvur og síma í starfsmannarýmum.

Gera þarf ráð fyrir móttökurými með stórri hurð þar sem hægt er að taka við brettum og með góðri aðkomu fyrir lyftara og flutningabíla. Nægilegt pláss þarf að vera í rýminu til að hægt sé að keyra hjólaborð, vagna, trillur og bretti um svæðið. Oft er miðað við gangbreidd sé ekki minni en 122 cm. Þá þarf að gera ráð fyrir vinnurými þar sem hægt er að hreinsa, pakka og skrá muni og skjöl. Tengingar fyrir tölvur og síma þurfa að vera í starfsmannarýmum. Þar þarf einnig að gera ráð fyrir salerni og kaffiaðstöðu.

### 3 Hirslur og búnaður

Rétt hannaðir skápar, hillur, skúffur og rekkar verja muni og skjöl fyrir hnjaski, minnka áhrif hita- og rakasveiflna í umhverfinu og geta komið í veg fyrir skemmdir vegna ljóss, ryks, óhreininda og loftmengunar. Vel skipulagðar og merktar hirslur auðvelda líka aðgengi að safnkosti og bæta nýtingu geymslusvæðisins.



Best er að nota hirslur úr ryðfríum málmum, t.d. hillur, hreyfanlega skápa, rekka eða grindur. Stálhillur í einingum eru frekar ódýrar, þær eru þægilegar í notkun, auðvelt er að setja þær saman og breyta uppröðun. Hreyfanlegir skápar nýta gólfpláss mjög vel, þeir eru ýmist opnaðir með handafli eða rafdrifnir. Slíkir skápar eru sérhannaðir fyrir söfn og hægt að pantna nákvæma hillustærð fyrir skjalaöskjur, grunnar skúffur fyrir fornleifar og rekka fyrir málverk. Þeir henta ekki ef geymslurýmið er ekki varanlegt.



Skjalasafnið Ísafirði á nú þegar nokkuð af stálhillum í einingum sem keyptar voru notaðar þegar til stóð að safnið fengi geymslu í Norðurtangahúsinu. Til að nýta rýmið á sem hagkvæmastan hátt væri skynsamlegast að setja upp færanlegar hillur, líkt og eru í skjala-geymslu Ísafjarðarbæjar í kjallara Stjórnásluhússins. Slíkt hillukerfi kostar talsvert meira en myndi án efa borga sig til framtíðar í betri nýtingu á fermetrum.

Byggðasafnið fullnýtir þær hillur sem það á og ljóst að ný munageymsla kallar á kaup á hillu- og skápakerfi. Þar er safnkosturinn fjölbreyttur hvað varðar stærð, lögun og efni sem kallar á mismunandi hirslur og jafnvel sérhæfðan búnað.

Listasafn Ísafjarðar á engan hillukost og því ljóst að geymsla mun kalla á kaup á skápum og grindum ætluðum listaverkum sérstaklega.

## 4 Samantekt

Í ljósi þess að upphaflega var gert ráð fyrir Skjalasafnið og Byggðasafnið fengju hvort um sig 408 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði til 10 ára í Norðurtanganum, þá er ljóst að þau þurfa mun stærra rými til framtíðar. Áætla má að þörf hvors safns um sig sé nálægt 1000 m<sup>2</sup> til næstu 50 ára og þörf Listasafns um 300 m<sup>2</sup> til sama tíma litið. Mögulega mætti byggja slíkar geymslur í áföngum, byrja á t.d. á 500 m<sup>2</sup> og gera ráð fyrir að hægt sé að stækka húsnæðið þegar fram í sækir.



*Safnkostur Listasafns Ísafjarðar á háalofti Safnahússins.*

Uppfylla þarf ýmsar kröfur sem gerðar eru til safngeymsla. Gæta þarf að því að þær séu ekki staðsettar á svæðum þar sem hætta er á náttúruvá eða mengun. Tryggja þarf stöðugt hita- og rakastig í geymslunum og að lýsing sé rétt. Öryggiskerfi þarf í geymslurnar, þ.e. brunaviðvörðunarkerfi tengt stjórnstöð, hita-, vatns- og reykskynjarar og innbrotaviðvörðunarkerfi.

Setja þarf upp hillukerfi í allar geymslur.

Eftirfarandi atriði þarf að huga að þegar meta skal húsnæði sem þegar er í notkun eða stendur til boða:

<b>Staðsetning</b> (sjá ítarlegri upplýsingar í <a href="#">kafla III</a> um öryggismál)
Hæð yfir sjávarmáli: byggingin ætti ekki að vera á þekktu flóðhættusvæði. Gólf skal vera yfir hæstu grunnvatnsstöðu.
Tegund jarðvegs.
<b>Stærð húsnæðis</b> , einstakra rýma og lofthæð.
<b>Byggingarefni</b>
Byggingarefni t.d. steypa, timbur. Gerð og efni þaks. Byggingin þarf að vera vönduð og uppfylla byggingarstaðla vegna t.d. jarðskjálfta, vindhraða og snjóþyngsla á þaki.
Burðarvirki þarf að vera nógu sterk til bera safnkost sem getur verið mjög þungur í miklu magni á litlu svæði.
Gerð veggja t.d. gífs, steypa eða viðarklæðning. Sumar gerðir veggfna hafa meiri eldmótstöðu og eru öruggari en aðrar.
Notið byggingarefni úr eldtefjandi eða eldvörðum efnum. Viðarveggi og loft ætti að klæða með gífsi til að ná að lágmarki 1 klukkustundar eldvörn, A-60.
Gerð einangrunarefnis.
<b>Hönnun</b>
Æskilegt er að <u>fáir útveggir</u> séu í geymslum. Þá er minni hætt á raka í veggjum og hitastigsbreytingum vegna veðurfars og árstíðaskipta.
Einangrun í veggjum, lofti og gólfi þarf að vera vönduð til að viðhalda stöðugu hita- og rakastigi innandyra.
<b>Gluggar</b>
Stærð og staðsetning glugga og gerð glers (gler, plexigler o.s.frv.).
Veljið húsnæði með <u>eins fáum gluggum og dyrum</u> eins og hægt er til að auka öryggi og stjórn á umhverfisþáttum, en ekki svo fáum að það valdi heilsutjóni eða brjóti í bága við eldvarnarstaðla. EDA byrgið glugga með hlerum, tjöldum eða síum til að verjast skemmdum af völdum dagsljóss.
Leyfir lofthæð þann möguleika að setja upp milliloft?
<b>Hurðir</b>
Fjöldi og stærð dyra, mælið allar dyr svo öruggt sé að gripir komist í gegn.
Veljið holar málmhurðir eða gegnheilar viðarhurðir með öruggum lásnum. Lamir eiga að vera inn í geymslunni eða logsoðnar til að koma í veg fyrir að auðvelt sé að fjarlægja hurðirnar.
<b>Gólf</b>
Berið á steipt gólf (vatnshelt epoxy eða polyurethane) til að verjast ryki, flísaeggíð með leirflisum eða notið gólfduka, klæðið spónaplötugólf og fjarlægíð teppi.
Gott er að hafa steipt eða hellulagt plan við útidyr, fyrir utan geymslubygginguna, svo hægt sé að keyra trillur og vagna inn og út við flutninga.
<b>Rafmagn</b>
Staðsetning og gerð raflagna og ljósa. Er nóg rafmagn fyrir ný tæki t.d. loftræsikerfi, rakatæki eða aukna lýsingu?
Rafmagnstöflur og mælar ættu að vera staðsettir utan safngeymslu til að minnka þörf á umgangi annarra en starfsmanna safnsins.
Í geymslum þurfa að vera tenglar fyrir mælitæki, lýsingu og ryksugur.
<b>Vatnslagnir og frárennsli</b>
Staðsetning og gerð rafmagns- og pípulagna.
Verið viss um að ekki séu til staðar vatns- og frárennsliör sem geta sprungið eða lekið og valdið skemmdum. Það sama á við um ofna.
Vatnsleiðslur vegna eldvarnarkerfa eru ásættanlegar, en svæði með úðarakerfi þurfa að hafa viðunandi frárennsli.
<b>Öryggisbúnaður</b>
Er brunakerfi til staðar? Vatnskerfi (úðarar?). Gaskerfi ( <a href="#">Aragonite?</a> ).

Sömu atriði þarf að hafa í huga þegar um hönnun nýrrar byggingar er að ræða.